



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 8/2008

Kvörtun Brimborgar ehf. yfir auglýsingum Sparibíls ehf. á Volvo bifreiðum

I.

Málsmeðferð

Neytendastofu barst erindi, dags. 5. júlí 2007, frá Brimborg ehf. þar sem kvartað er yfir auglýsingum Sparibíls ehf. á Volvo XC90 bifreiðum sem birtist í Blaðinu 13. júní 2007 og Fréttablaðinu 15. og 25. júní 2007. Auk þess er kvartað yfir ýmsum upplýsingum sem fram koma á heimasíðu Sparibíls.

Í erindinu segir að Brimborg sé umboðsaðili fyrir Volvo bifreiðar á Íslandi og hafi gert samning um sölu og þjónustu við framleiðanda bifreiðanna. Kvartað sé yfir efni og fullyrðingum sem fram koma í auglýsingunni og fullyrðingum sem lesa má á heimasíðu Sparibíls og vísað sé til í auglýsingunni. Brimborg telji að hér sé um að ræða auglýsingu sem hafi að geyma villandi upplýsingar sem stangist á við 6. gr. og a og e liði 7. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins. Þá telji Brimborg auglýsingarnar ekki uppfylla kröfur 5. gr. sömu laga. Er þess krafist að auglýsingin verði bönnuð og breyting gerð á heimasíðu Sparibíls.

Í erindinu er kvörtun Brimborgar raðað upp í tólf liði.

Erindi Brimborgar var sent Sparibíl til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 9. júlí 2007. Svar barst með bréfi, dags. 24. júlí 2007, þar sem kvörtuninum er svarað í sömu röð.

Brimborg gerði athugasemdir við bréf Sparibíls í bréfi til Neytendastofu, dags. 3. ágúst 2007. Athugasemdir við það bréf gerði Sparibíll með bréfi til Neytendastofu, dags. 17. ágúst 2007.

2.

Kvörtun Brimborgar er lýtur að auglýsingu Sparibíls:



I. Í erindi Brimborgar segir að í blaðaauglýsingunni hafi Volvo XC90 verið auglýstur með fyrirsögninni: „*Milljóna verðbil á nýjum 2007 Volvo dísel*“.

Fyrirsögn auglýsingarinnar sé röng og villandi. Hún gefi í skyn að um margra milljóna verðbil sé að ræða á hverjum bíl sem Brimborg og Sparibíll selji. Breyti engu þó seinna í auglýsingunni sé aðeins talað um milljón. Telur kvartandi að um auglýsingu sé að ræða sem hafi að geyma villandi upplýsingar sem stangist á við 6. gr. og a. og e. lið 7. gr. laga nr. 57/2005.

Í svari Sparibíls segir að fyrirtækið hafi ekki reynt að villa um fyrir neytendum. Vísun til milljóna eigi við um þær bifreiðar sem fyrirtækið hafði til sölu af gerðinni Volvo XC90 dísel eins og sjá megi undir mynd þeirri sem sé í auglýsingunni. Ekki sé verið að vísa til þess að verð á tiltekinni bifreið sé mörgum milljónum undir listaverði umboðs. „*Milljóna verðbil*“ sé notað sem orðatiltæki.

II. Í erindinu segir að í auglýsingunni fullyrði Sparibíll að SE+ line pakki hjá umboðinu kosti kr. 250.000 en raunin sé að hann kosti kr. 230.000.

Í svari Sparibíls segir að verið geti að verð á SE+ line pakka hjá Brimborg sé nú kr. 230.000. Þegar Sparibíll hafi gert verðsamanburðinn hafi verðið verið kr. 250.000.

III. Brimborg segir að í auglýsingunni séu Camulus 18“ álfelgur sagðar kosta kr. 109.000. Hið rétta er að sé tekinn SE+ pakki þá kosti felgurnar kr. 59.000.

Í svari Sparibíls segir verið geti að Brimborg bjóði sérstakt verð á Camulus 18“ sé SE+ pakkinn keyptur, en skv. verðlista hafi verðið verið kr. 109.000 þegar verðsamanburðurinn var gerður.

IV. Í erindinu segir að í auglýsingunni sé fullyrt að vélarhitari í bifreiðina kosti kr. 148.000 en kosti raunverulega kr. 29.000. Þá sé verð á vélarhitara staðalbúnaður í díselbílum frá Brimborg en greiða þurfi fyrir vélarhitara í bensínbíla. Auglýsing Sparibíls snéri að díselbíl og því sé það villandi og rangt að gefa upp verð á vélarhitara í bensínbíl í því sambandi.

Sparibíll segir að uppgengið verð hafi verið kr. 148.000 þegar verðkönnunin var gerð.

V. Brimborg kvartar yfir því að verð á leiðsögukerfi sé áætlað kr. 320.000 en kerfið sé ekki að finna á verðlista hjá Brimborg enda ekki hægt að nota kerfið hér á landi.



Í svari Sparibíls segir að verð á leiðsögukerfi hafi ekki komið fram í verðlista Brimborgar þegar verðkönnun var gerð og því hafi verið stuðst við evrópskt listaverð og þess sérstaklega getið að um áætlað verð væri að ræða. Leiðsögukerfin komi til með að gagnast eigendum bifreiðanna í náninni framtíð því einungis vanti forrit fyrir kerfið til þess að það virki hér á landi.

VI. Brimborg kvartar yfir því, með vísan til fyrri kvörtunarliða, að heildarverð aukahluta að fjárhæð kr. 1.856.000 og fullyrðing um „listaverð með þessum búnaði“ séu rangar.

Í svari Sparibíls segir að miðað við þær upplýsingar sem Sparibíll hafi fengið af vefsíðu Brimborgar hafi heildarverð á aukahlutum verið rétt. Brimborg hafi hins vegar lækkað verð á aukahlutum og minnki því verðbilið en það sé þó enn í kringum eina milljón.

VII. Í erindinu segir að Brimborg veiti viðskiptavinum afslátt vegna hagstæðs gengis krónunnar. Afslátturinn sé breytilegur eftir gengi krónunnar en hafi undanfarið numið 3%. Eðlilegt sé að taka þennan afslátt inn í myndina við samanburðinn enda hafi Sparibíll fyrirvara á sínu verði vegna gengisbreytinga.

Í svari Sparibíls segir að 3% afsláttur sem Brimborg veiti viðskiptavinum sínum sé ekki sannreynanlegur og fullnægi ekki skilyrðum 2. mgr. 7. gr. laga nr. 57/2005. Verðsamanburðurinn hafi tekið til auglýsts verðs og hafi því verið miðað við listaverð.

VIII. Þá segir að Brimborg bjóði þriggja ára ábyrgð á bifreiðum sem fyrirtækið selji, þ.e. tveggja ára verksmiðjuábyrgð auk eins árs ábyrgðar til viðbótar. Við verðsamanburð hefði átt að taka tillit til slíks viðbótar kostnaðar. Sparibíll vísi á heimasíðu sinni einungis til ábyrgðar framleiðanda. Sjálfst veiti fyrirtækið enga ábyrgð en bjóðist til að útvega tryggingar fyrir hugsanlegum göllum.

Í svari Sparibíls segir að fyrirtækið veiti ábyrgð sbr. ákvæði laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup. Sé það gert með verksmiðjuábyrgð frá Volvo Europe sem tryggi réttarstöðu neytenda komi upp bilun í bifreiðum á ábyrgðartíma.

3.

Kvörtun Brimborgar er lýtur að upplýsingum á heimasíðu Sparibíls:

IX. Í erindi Brimborgar er gerð athugasemd við það að á heimasíðu Sparibíls sé vísað til þess að veitt sé 2ja ára verksmiðjuábyrgð á öllum seldum bifreiðum. Sparibíll veiti hins vegar ekki neina ábyrgð en bjóðist til þess að veita tryggingar fyrir göllum. Þar sem Sparibíll veiti ekki ábyrgð sé það auk þess villandi fyrir neytendur að fjalla um ábyrgð á



keyptum bifreiðum. Undir ábyrgðarkafli vefsíðunnar komi einnig fram að miklir framleiðslugallar séu að jafnaði undir 1%. Þessi fullyrðing sé órökstudd og röng.

Í svari Sparibíls er áréttað það sem fram kemur í VIII. lið um að Sparibíll veiti ábyrgð á þeim bifreiðum sem seldir séu, skv. lögum um lausafjárkaup. Um upplýsingar um hlutfall alvarlegra framleiðslugalla er vísað til heimasíðu JD Powers og fái ekki staðist að Sparibíllar villi um fyrir neytendum með því að birta þær upplýsingar.

X. Í erindi Brimborgar er kvartað yfir fullyrðingu á heimasíðu Sparibíls er hljóðar svo: „*Vissir þú að bílar hjá Sparibíll eru allt að 30% ódýrari en hjá umboðunum? Þú getur sparað frá 200 þúsundum upp í 4 milljónir á einum bíl.*“ Fullyrðingin sé röng og ekki studd neinum rökum.

Í svari Sparibíls, segir að Sparibíll standi við þær fullyrðingar að allt að 30% sparnaður fáiast með viðskiptum við Sparibíll. Alkunna sé að bifreiðaumboð selji bifreiðar hærra verði en aðrir innflytjendur. Þeir sem kaupi bifreiðar hjá Sparibíll geti fengið Volvo XC90 premium bensín á 24% lægra verði hjá Sparibíll en hjá Brimborg skv. söluþingliti. Munurinn hafi verið 30% en sé nú 24%. Þá bjóði Sparibíll einnig margar tegundir bifreiða sem séu á 30% lægra verði en sömu bifreiðar hjá umboðsaðilum.

XI. Gerð er athugasemd við það að á vefsíðu Sparibíls sé gerður verðsamanburður með tveim reiknidæmum sem ekki geti staðist. Í upphafi reikningsdæmis nr. 1 sé gefin sú forsenda að nýr bíll sé kr. 500.000 ódýrari hjá Sparibíll. Dæmið sé byggt á þeirri forsendu að bifreið að andvirði kr. 1.000.000 sé tekin upp í andvirði nýju bifreiðarinnar á aðeins kr. 700.000. Forsendur dæmisins sé úr lausu lofti gripnar en gefi útkomu sem sé Sparibíll hagstæð. Framsetningin sé því villandi. Reikningsdæmi 2 sé svipað.

Í svari Sparibíls segir að dæmin séu byggð á raunverulegum tölum en séu einungis sett upp til viðmiðunar og skýringar. Það sé alkunna að seljendur bifreiða fái jafnan lægsta verðið fyrir bifreiðar sínar með því að setja þær upp í aðra bifreið hjá bifreiðaumboðum.

XII. Í erindinu er gerð athugasemd við það að á vefsíðu Sparibíls undir liðnum „Um Sparibíla“ segi að loftkælingar séu algengari sem staðalbúnaður í bílum frá Sparibíll en hjá öðrum innflytjendum. Að mati kvartanda sé fullyrðingin órökstudd.

Í svari Sparibíls segir að nánast hver einasta bifreið sem Sparibíll flytji inn og selji, innihaldi loftkælingu. Það hafi hins vegar hingað til ekki verið reyndin hjá bifreiðaumboðum.



Með bréfi Neytendastofu, dags. 18. september 2007, var aðilum málsins tilkynnt að gagnaöflun í málinu væri lokið. Með bréfinu fylgdi listi yfir gögn málsins.

III. Niðurstaða

1.

Í máli þessu kvartar Brimborg yfir auglýsingu Sparibíls á Volvo XC90 plus bifreið sem birtist í dagblöðum og ýmsum upplýsingum á heimasíðu fyrirtækisins. Snýr kvörtunin að því að Sparibíll geri verðsamanburð sem byggður sé á röngum forsendum og sé því villandi gagnvart neytendum og ósanngjarn gagnvart Brimborg. Fyrirtækin séu á sama markaði og bjóði m.a. til sölu Volvo bifreiðar, Brimborg sem umboðsaðili Volvo á Íslandi en Sparibíll sem smásali.

Að mati Brimborgar er um að ræða auglýsingu og upplýsingar á heimasíðu sem ekki standist ákvæði 6. gr. og a. og e. liðar 7. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins. Þá telur Brimborg að viðskiptahættir Sparibíls séu ekki í samræmi við góða viðskiptahætti og því brot á 5. gr. sömu laga.

Sparibíll heldur því fram að við verðsamanburð fyrirtækisins við Brimborg og aðrar upplýsingar í auglýsingu og á heimasíðu hafi verið stuðst við verð sem fram hafi komið á heimasíðu Brimborgar. Aðrar upplýsingar séu fengnar eftir öðrum tilgreindum leiðum. Brjótí auglýsingin og aðrar upplýsingar á heimasíðu Sparibíls ekki í bága við ákvæði laga nr. 57/2005.

2.

Í 5. gr. laganna er um það fjallað að óheimilt sé að hafast nokkuð það að sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt er gagnvart hagsmunum neytenda. Ákvæðið er almenn vísiregla að því er varðar viðskiptasiðferði og er ætlað að stuðla að góðum síðum í viðskiptum. Ákvæði 6. og 7. gr. laganna setja auglýsendum skilyrði sem auglýsingar verða að uppfylla.

Ákvæði 6. gr. laga nr. 57/2005 er svo hljóðandi:

„Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingu eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru brenndar, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir fallnar til að hafa áhrif á



eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi sem lög þessi taka til.

Auglýsingar og aðrar viðskiptaaðferðir skulu ekki vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum vegna forms þeirra eða sökum þess að skírskotað er til óviðkomandi mála.“

Í 6. gr. er gerð krafa um það að auglýsingar eða aðrar upplýsingar frá fyrirtæki séu ekki ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum. Með öðrum upplýsingum er m.a. átt við upplýsingar á heimasíðum fyrirtækja og verða fyrirtæki því að gæta þess hvaða upplýsingar koma þar fram og að þær séu ekki ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum.

Í erindinu er vísað til ákvæða a. og e. liða 7. gr. laga nr. 57/2005 en þeir eru svo hljóðandi:

„Samanburðarauglýsingar skulu, að því er samanburð varðar, leyfðar að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum, að :

a. þær séu ekki villandi,

...

e. ekki sé kastað rýrð á vörumerki, vöruheiti, önnur auðkenni, vöru, þjónustu, starfsemi eða aðstæður keppinautar, eða þeim sýnd lítilsvirðing.“

Skv. 1. mgr. 7. gr. segir að samanburðarauglýsingar séu allar auglýsingar þar sem beint eða óbeint er vísað til keppinautar. Skv. 1. mgr. 7. gr. á greinin við um auglýsingar en ekki upplýsingar sem birtast með öðrum hætti. Er það því mat Neytendastofu að 7. gr. eigi við í máli þessu að þeim hluta kvörtunarinnar sem snýr að auglýsingu Sparibíls.

2.

Kvörtun Brimborgar er snýr að auglýsingu Sparibíls.

I. Fullyrðing í auglýsingu Sparibíls „*Milljóna verðbil á nýjum 2007 Volvo dísel*“.

Skv. 6. og 7. gr. laga nr. 57/2005 er fyrirtækjum heimilt að birta verðupplýsingar frá keppinautum í auglýsingum sínum en gerð er sú krafa að upplýsingarnar séu réttar og ekki villandi. Að mati Neytendastofu má skilja auglýsinguna á þann hátt að Volvo dísel sem keyptur er hjá Sparibíl sé milljónum ódýrari en sama bifreið keypt hjá Brimborg. Af gögnum málsins er ljóst að slíkur verðmunur er ekki fyrir hendi. Sú skýring Sparibíls að fullyrðingin sé notuð sem orðatiltæki þykir Neytendastofu langsótt. Að mati stofnunarinnar er fullyrðingin því brot á ákvæðum 6. og 7. gr. laga nr. 57/2005.



II. Fullyrðing í auglýsingu Sparibíls að SE+ line pakki kosti kr. 250.000 hjá Brimborg.

Í verðlista Brimborgar sem prentaður var út af heimasíðu fyrirtækisins 23. apríl 2007 og fylgdu gögnum Sparibíls, kemur í ljós að verð á SE+ line pakka hefur þá verið kr. 250.000. Í verðlista Brimborgar sem fylgdi með í gögnum fyrirtækisins kemur fram að verð á SE+ line pakka sé kr. 230.000. Við samanburð á verðlistunum kemur í ljós að í verðlista Sparibíls inniheldur SE+ pakkinn geislaspilara og þvottakerfi á aðalljós sem ekki er að finna í verðlista þeim sem Brimborg lagði fram í málinu, þrátt fyrir fullyrðingar Brimborgar þess efnis að verðlistar hafi ekki tekið breytingum. Skýrir þessi munur verðmun listanna. Verðlisti sem Brimborg hefur lagt fram í málinu er ekki dagsettur og er því ómögulegt fyrir Neytendastofu að meta hvort verðlista hafi verið breytt fyrir eða eftir birtingu auglýsingarinnar. Að mati Neytendastofu hefur Sparibíll fært nægileg rök fyrir því að verð á SE+ line pakka hafi verið kr. 250.000 er könnun var gerð á heimasíðu Brimborgar og auglýsingin byggir á.

III. Fullyrðing í auglýsingu Sparibíls um að Camulus álfelgur kost kr. 109.000 hjá Brimborg.

Brimborg fullyrðir að sé keyptur SE+ line pakki kosti felgurnar kr. 59.000, eins og sjá má í verðlista þeim sem Brimborg lagði fram. Í verðlista Brimborgar sem Sparibíll lagði fram er ekki að finna slíkt tilboð. Verð í auglýsingum Sparibíls eru því byggðar á verðupplýsingum úr verðlista frá Brimborg. Brimborg hefur ekki fært fullnægjandi sönnur fyrir því að verðið hafi tekið breytingum fyrir birtingu auglýsingarinnar og fær Neytendastofa því ekki annað séð en að sú fjárhæð standist í auglýsingu Sparibíls.

IV. Fullyrðing í auglýsingu Sparibíls um að vélarhitari kosti kr. 148.000 hjá Brimborg.

Brimborg fullyrðir að verð á vélarhitara sé kr. 29.000 en hann sé staðalbúnaður í díselbílum. Í verðlista þeim er Brimborg lagði fram er gefið upp verð á tveim vélarhiturum. Annars vegar vélarhitari með tímastilli á kr. 148.000 og hins vegar tímastillir fyrir vélarhitara (aðeins dísel) á kr. 29.000. Í verðlista þeim sem Sparibíll hefur afhent Neytendastofu kemur einungis fram verð á vélarhitara með tímastilli á kr. 148.000. Þeirri fullyrðingu að vélarhitari sé staðalbúnaður í díselbílum hefur ekki verið mótmælt af hálfu Sparibíls. Virðist því verð á vélarhitara ekki vera rétt tilgreint í auglýsingunni. En þar sem óljóst var af verðlista Brimborgar að vélarhitari sé staðalbúnaður díselbíla er að mati Neytendastofu ekki óeðlilegt að Sparibíll hafi notað það verð sem gefið er upp í verðlistanum. Fullyrðingin er í andstöðu við ákvæði 6. og 7. gr. laga nr. 57/2005. En þar sem verðlisti Brimborgar er óljós hvað þetta varðar sér Neytendastofa að svo stöddu ekki ástæðu til sérstakra aðgerða af þessu tilefni.



V. Í auglýsingu Sparibíls er áætlað verð á leiðsögukerfi hjá Brimborg kr. 320.000.

Verðupplýsingar á leiðsögukerfi er ekki að finna í verðlista Brimborgar og notast Sparibíll við áætlað verð og telur það upp með öðrum hlutum sem Brimborg býður upp á. Af gögnum málsins er ljóst að leiðsögukerfi var ekki nothæft hér á landi þegar auglýsingin birtist. Er því að mati Neytendastofu ósanngjarnt og villandi gagnvart Brimborg að hafa leiðsögukerfi í verðsamanburðinum. Þá er ósanngjarnt og villandi að gefa upp áætlað verð í ljósi þess að hluturinn er ekki til sölu hjá Brimborg. Verðsamanburður Sparibíls á leiðsögukerfi er því brot á ákvæðum 6. og 7. gr. laga nr. 57/2005.

VI. Fullyrðing í auglýsingu Sparibíls um heildarverð aukahluta að fjárhæð kr.1.856.000 og fullyrðing um listaverð með „þessum búnaði“ helst í hendur við aðra liði kvörtunarinnar. Þar sem sýnt hefur verið fram á að verð á leiðsögukerfi sé ekki til staðar hjá Brimborg og því ekki mótmælt að vélarhitari sé staðalbúnaður í díselbílum frá Brimborg eru fullyrðingar um heildarverð og listaverð Brimborgar rangar. Fullyrðingin er því brot á ákvæðum 6. og 7. gr. laga nr. 57/2005.

VII. Brimborg telur að í verðsamanburðinum hefði átt að taka tillit til afsláttar sem fyrirtækið veitir viðskiptavinum vegna hagstæðs gengis krónunnar sem undanfarið hefur numið 3%.

Að mati Neytendastofu er ekki raunhæft að krefjast þess að keppinautur taki mið af afslætti til einstakra viðskiptavina Brimborgar í verðsamanburði. Eðli málsins samkvæmt byggir auglýsandi á upplýsingum úr verðlista. Þar er ekki tekið mið af afslættinum. Þá virðist hann breytilegur, háður gengi krónunnar og er því að mati Neytendastofu ekki nægilega útfærður til þess að unnt sé að taka tillit til hans í verðsamanburði.

VIII. Í erindi Brimborgar er kvartað yfir því að Í auglýsingu Sparibíls er í samanburði ekki metið til fjár árs ábyrgð fram yfir lögbundna ábyrgð sem Brimborg býður viðskiptamönnum sínum. Það eykur vissulegu þjónustu við neytendur en Neytendastofa telur þó ekki að hægt sé að gera þær kröfur til auglýsanda að hann taki tillit til þess þegar verð á bifreið er borið saman í auglýsingu.

3.

Kvörtun Brimborgar er snýr að upplýsingum á heimasíðu Sparibíls.



IX. Í erindinu er gerð athugasemd við að á heimasíðu Sparibíls kemur fram að veitt sé tveggja ára verksmiðjuábyrgð á bifreiðum. Sparibíll veiti ekki neina ábyrgð en bjóðist til að útvega tryggingar fyrir göllum. Auk þess sé villandi fyrir neytendur að fjalla um ábyrgð á keyptum bifreiðum. Þá sé á heimasíðunni ranglega fullyrt að miklir framleiðslugallar séu að jafnaði undir 1%.

Af heimasíðu Sparibíls verður ekki annað ráðið en að fyrirtækið undanþiggi sig ábyrgð á þeim bifreiðum sem fyrirtækið selur. Á heimasíðunni er vísað til verksmiðjuábyrgðar framleiðanda og bent á fulltrúa framleiðenda sem eru umboð bifreiðanna hér á landi. Þá býðst fyrirtækið til að útvega tryggingu fyrir göllum sem upp kunna að koma í þeim bifreiðum sem fyrirtækið selur gegn gjaldi allt að kr. 54.900. Að mati Neytendastofu er verksmiðjuábyrgð ekki sama og ábyrgð seljanda á galla söluhlutar. Í svari sínu vísar Sparibíll til lögboðinnar ábyrgðar skv. lögum um lausafjárkaup. Neytendastofa vill benda á að um viðskipti Sparibíls og einstaklinga gilda lög um neytendakaup nr. 48/2003. Skv. þeim hefur kaupandi rétt til að bera fram kvörtun vegna galla á söluvöru a.m.k. innan tveggja ára frá því hann veitir söluhlut viðtöku. Sparibíll er því ábyrgur fyrir göllum sem kunna að koma fram í nýjum bifreiðum sem fyrirtækið selur í tvö ár frá afhendingardegi. Að mati Neytendastofu eru það óréttmætir viðskiptahættir sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005 að bjóða tryggingu gegn gjaldi fyrir það tímabil. Hvað viðkemur fullyrðingunni að miklir framleiðslugallar séu að jafnaði undir 1%, vísar Sparibíll til heimasíðu JD Powers. Neytendastofa telur þá tilvísun fullnægjandi.

X. Í erindi Brimborgar er kvartað yfir fullyrðingu á heimasíðu Sparibíls sem órókstuddri og rangri þar sem segir að bílar keyptir hjá Sparibíl séu allt að 30% ódýrari en hjá umboðum og að hægt sé að spara frá kr. 200.000 upp í kr. 4.000.000 á einum bíl. Neytendastofa telur þau rök Sparibíls ekki fullnægjandi „að alkunna sé að bifreiðaumboð selji bifreiðar hærra verði en sjálfstæðir innflytjendur“. Þá fær Neytendastofa ekki séð að fullyrðingin um að hægt sé að fá Volvo XC90 premium bensín á 24% lægra verði hjá Sparibíl en hjá Brimborg skv. söluyfirliti, sé studd fullnægjandi rökum. Er fullyrðingin því brot á 6. laga nr. 57/2005.

XI. Í erindi Brimborgar er kvartað yfir því að á heimasíðu Sparibíla sé að finna tvö reiknisdæmi sem sýna eiga verðmun milli Sparibíls og bifreiðaumboða ef umboð tekur bifreið upp í andvirði nýrrar bifreiðar. Rök Sparibíls eru þau að dæmin séu byggð á raunverulegum tölum og að alkunna sé að seljendur bifreiða fái jafnan lægsta verðið fyrir bifreiðar sínar með því að setja þær upp í aðra bifreið hjá bifreiðaumboðunum. Að mati Neytendastofu eru þessi rök ekki fullnægjandi enda ekki studd neinum gögnum. Neytendastofa telur fullyrðinguna því villandi fyrir neytendur og ósanngjarna gagnvart keppinautum og reikningsdæmin brot á ákvæðum 6. gr. laga nr. 57/2005.



XII. Þá kvartar Brimborg yfir fullyrðingu á heimasíðu Sparibíls þar sem segir að loftkælingar séu algengari sem staðalbúnaður í bílum frá Sparibíl en hjá öðrum innflytjendum. Í svari Sparibíls segir að nánast hver einasta bifreið sem Sparibíll flytji inn og selji sé með loftkælingu sem ekki sé reyndin hjá bifreiðumboðunum. Að mati Neytendastofu er svarið ófullnægjandi enda ekki stutt neinum gögnum. Fullyrðingin er því ósönnuð og brot á ákvæðum 6. laga nr. 57/2005.

Í erindi er einnig vísað til fullyrðingar um nýlegar Evrópskar BER reglur. Neytendastofa telur ágreining um efni og gildissvið þeirra ekki falla undir ákvæði laga nr. 57/2005 né annarra laga sem Neytendastofa starfar samkvæmt og er þeim lið kvörtunarinnar því vísað frá Neytendastofu.



IV.

Ákvörðunarorð:

„Sparibíll ehf., Fiskislóð 16, Reykjavík, hefur brotið gegn ákvæðum 6. og 7. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins með fullyrðingum í blaðaauglýsingu um:

1. Milljóna verðbil á nýjum 2007 Volvo Dísel
2. Að áætlað verð á leiðsögukerfi sé kr. 320.000 hjá Brimborg
3. Að heildarverð aukahluta sé að fjárhæð kr. 1.856.000 hjá Brimborg

Sparibíll ehf. hefur brotið gegn ákvæðum 6. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins með því á heimasíðu fyrirtækisins:

1. Að fullyrða að bílar keyptir hjá Sparibíll séu allt að 30% ódýrari en hjá umboðum og hægt sé að spara frá kr. 200.000 upp í 4.000.000 á einum bíl.
2. Að nota órökstudd reikningsdæmi sér í hag sem sýna verðmun á milli bifreiða keyptum hjá Sparibíll og hjá bifreiðaumboðum sem tekið hafi eldri bifreið upp í verð nýrra bifreiða.

Sparibíll ehf., hefur brotið gegn ákvæðum 5. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins með því að bjóða kaupendum bifreiða tryggingu, gegn gjaldi, fyrir göllum sem fram geti komið í bifreiðunum á því tímabili sem Sparibíll ber ábyrgð á göllunum skv. lögum um neytendakaup.

Með vísan til 2. mgr. 16. gr. laga nr. 57/2005 bannar Neytendastofa Sparibíll ehf. að birta í auglýsingum og á vefsíðu sinni framangreindar fullyrðingar og að bjóða framangreinda tryggingu.

Bannið tekur gildi eftir fjórar vikur frá birtingu ákvörðunar þessarar.“

Neytendastofa, 19. mars 2008

Máli þessu var áfrýjað, sjá úrskurð áfrýjunarnefndar neytendamála í [máli nr. 03/2008](#)